

**1991 nr. 33 19. mars****Lög um Slysavarnaskóla sjómanna**

Tóku gildi 17. apríl 1990 (á að vera 17. apríl 1991), Breytt með: L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 81/2022 (tóku gildi 14. júlí 2022).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innviðaráðherra** eða **innviðaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ [Slysavarnafélagið Landsbjörg]<sup>1)</sup> skal starfrækja Slysavarnaskóla sjómanna og fer Slysavarnafélagið með yfirstjórn skólans er starfar á vegum þess og ábyrgð.

□ Markmið skólans er að auka öryggi sjómanna með fræðslu og þjálfun í meðferð björgunar- og öryggisbúnaðar og almennri fræðslu um slysavarnir á sjó.

□ [Slysavarnafélagið Landsbjörg skal halda fjárreiðum skólans aðskildum frá öðrum rekstri og starfsemi félagsins og er í þeim tilgangi heimilt að hafa rekstur skólans í sérstöku félagi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2022, 1. gr.

**■ 2. gr.**

□ Slysavarnaskóli sjómanna skal halda námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál á helstu útgerðarstöðum landsins og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.

□ Aðalkennslugreinar skólans eru: Fræðsla um öryggismál, slysavarnir, björgunaraðferðir, skyndihjálp, flutningur sjúkra

og slasaðra, meðferð björgunarbúnaðar, slökkvibúnaðar og reykkiöfunartækja.

**■ 3. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar fimm manna skólanefnd Slysavarnaskóla sjómanna til fjögurra ára í senn. Einn skal tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands, einn af [Félagi skipstjórnarmanna]<sup>2)</sup> og þrír tilnefndir af [Slysavarnafélaginu Landsbjörg].<sup>2)</sup> Ráðherra skipar einn fulltrúa [Slysavarnafélagsins Landsbjargar]<sup>2)</sup> formann skólanefndar.

□ Meginhlutverk skólanefndar er að [vera ráðgefandi um fagleg]<sup>2)</sup> málefni Slysavarnaskólans . . .<sup>2)</sup>. Skólanefnd gerir, að fenginni umsögn öryggisfræðslunefndar sjómanna, tillögur til stjórnar [Slysavarnafélagsins Landsbjargar]<sup>2)</sup> um námskeiðahald, námsskrá og lengd námskeiða á vegum skólans.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 155. gr. <sup>2)</sup> L. 81/2022, 2. gr.

**■ 4. gr.**

□ [Slysavarnafélagið Landsbjörg]<sup>1)</sup> ræður skólastjóra Slysavarnaskóla sjómanna, [að fenginni umsögn skólanefndar],<sup>1)</sup> en um mannráðningar fer samkvæmt lögum [félagsins].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2022, 3. gr.

**■ 5. gr.**

□ Kostnaður við rekstur skólans skal greiddur úr ríkissjóði [samkvæmt þjónustusamningi].<sup>1)</sup> . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 81/2022, 4. gr.

**■ 6. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða. . .**